

8. fundur stjórnar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2016 í Ráðhúsi Stykkishólms og hófst hann kl. 17:00.

Mættir:

Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi

Gísli Guðmundsson - Eyja- og Miklaholtssveit

Sólrún Guðjónsdóttir – Grundarfirði

Dagskrá fundarins:

1. Sýningar í sumar

Sýning um Aton húsgagnagerð, sótt er um styrki til Safnaráðs, Uppbyggingarsjóðs Vesturlands og Lista- og menningarsjóðs Stykkishólmsbæjar. Það mætti sækja um styrki til menningarnefnda annarra sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

2. Starfsmannamál

Setja auglýsingar sem fyrst í Stykkishólmspóstinn og Jökul, eins út í FSN.

Mikilvægt að stjórnin tali fyrir því að safnið verði opið lengur fram á haustið – september og október.

3. Önnur mál

Gestafjöldi árið 2015: Aukning frá því 2014 um tæplega 1000 manns, meðal annars vegna opunar yfir vetrartímann og lengri opnunartími yfir sumarið.

Þann 8. febrúar kl. 14:30 - 15:00, verður Ragna Gestsdóttir safnfræðingur með erindi um söfn sem námsvettvang í Grunnskóla Stykkishólms – endilega bera það út sem víðast.

Hver sér um að borga stjórn BSH laun fyrir fundasetu? Berglind ætlar að kanna þetta betur.

Nauðsynlegt að allar fundagerðir fari út til allra sveitstjórna á Snæfellsnesi.

Athuga varðandi kyndingu í húsinu.

Athuga hvað kostar að setja filmur á gluggana.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17.50.

